

Skólaráðsfundur 5. október 2017 kl. 8.10

Mættir: Sigríður Þ. Stefánsdóttir og Örn Guðmundsson fulltrúar foreldra, Sif Garðarsdóttir og Jóhanna Gylfadóttir fulltrúar kennara, Rakel Ösp Hannah fulltrúi nemenda, Björg Baldursdóttir skólastjóri. Ritari er Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri.

1. Fundafyrirkomulag í vetur.

2 – 3 fundir á önn og eru settir 6. des, 31. jan., 7.mars og 9. maí. Boðað verður til fleiri funda ef þörf verður á.

2. Skólabyrjun.

Um 570 nemendur (voru 540 þegar skóla var slitið vorið 2017) og töluverður fjöldi nýrra nemenda með annað móðurmál en íslensku. Höfum getað brugðist við því að nokkru leiti með ráðningu nýbúakennara í hlutastarf og við leitum til alþjóðavers í Álfhólfsskóla. Við það að nemendum hefur fjölgað um 30 á öllum aldri þá hafa þeir dreifst á bekki og því eru bekkjarstærðir mjög stórar í nokkrum árgöngum og leitað er allra leiða til að styðja við þá bekki.

Skólabyrjun gekk ágætlega þrátt fyrir að lausar kennslustofur á Vallargerðisvelli væru ekki tilbúnar og tölvuútskipti stæðu yfir. Allur aðbúnaður í Fannborg er góður að því undanskildu að það vantar rými fyrir nemendur. Möguleiki að skoða lausnir á aðstöðu fyrir matmálstíma á 3. hæð þegar verður flutt þaðan.

Frá foreldrum: haustið hefur byrjað ágætlega og komið töluvert mikið af bekkjarfulltrúum og styttest í að hægt sé að halda námskeið fyrir foreldrafulltrúa.

3. Lausar kennslustofur á Vallargerðisvelli

Rædd voru húsnæðismál og fyrirhugaðir flutningar úr Fannborg sem áætlaðir eru um áramót, en möguleiki er á að það gæti dregist fram á næsta vor (að allir hæfu skólastarf í Vallargerði haustið 2018).

4. Mannekla í dægradvöl

Ekki hefur tekist að manna dægradvöl sem veldur því að ekki er hægt að taka inn alla nemendur, en nú eru allir í 1. og 2. bekk komnir inn. Kennarar hafa verið viljugir til að taka að sér klúbbastarf í 3. og 4. bekk og því hefur verið hægt að bjóða nemendum upp á slíkt 3 í viku.

5. Starfsáætlun

Engar efnislegar athugasemdir aðrar en að nöfn fulltrúa í foreldraráði eru ekki rétt.

Umræður um innra mat, niðurstöður kannana og úrbótaáætlun. Niðurstöður foreldrakönnunar benda til að foreldrum þyki námið ekki nægilega ögrandi fyrir nemendur og vanti heimanám. Fulltrúi nemenda segir skiptar skoðanir í nemendahópnum en hér sé langur skóladagur og samanburður við

aðra skóla með styttri skóladag og meira heimanám, sé ekki raunhæfur. Kennari bendir á að með breyttum kennsluháttum og námsmati (auknu símati) þá dreifist heimanámið öðruvísi en áður.

6. Önnur mál

Umræður um skólabrag á elsta stigi og hvað skólinn er að gera og hvað foreldrar vilja leggja til.

Umræður um sprautunálar á skólalóð og hvernig er hægt að koma í veg fyrir að börn komi að slíku.

Kynning á starfi starfshóps vegna nýbyggingar Kársnesskóla, Örn er þar sem fulltrúi foreldra og fór yfir það. Ákveðin vinna komin af stað og meðal annars hefur minni starfshópur verið stofnaður.

Þjóðfundur (undir stjórn Ingvars Sigurgeirssonar) fyrir Kársnesbúa er áætlaður í lok október, markmiðið með fundi er að greina þarfir fyrir innviði skólastarfsins og skólahúsnæðis; leikskóli-grunnskóli? grunnskóli eingöngu? hvernig er hægt að koma tómstundastarfi þar að? o.fl. Stefnt að því að úrvinnsla þjóðfundar liggja fyrir fljótlega eftir fundinn svo hönnuðir geti hafi störf sem fyrst.

Fundi slitið

Sigrún Valdimarsdóttir